



SÓKNARÁÆTLUN SUÐURNESJA

2020-2024

Suðurnesjafólk - Ferðabók Eggerts og Bjarna

1752 – 1757



Útlit og líkamsvöxtur:

- ▶ Yfirleitt, háir vexti, og vel á sig komnir.
- ▶ Rjóðir í andliti með mjög sítt og ljóst hár.
- ▶ Íbúar ekki frábrugðnir þeim sem þeir höfðu séð annarstaðar á landinu.
- ▶ Mikið vinnuálag og sjómennskan komið niður á heilsu og hreysti manna.

Skapsmunir og lundarfar:

- ▶ Þeir eru ólíkari innbyrðis en annars staðar vegna þess að fólk úr öðrum fjórðungum hafði blandast saman við íbúana.
- ▶ Þeir sem voru búsettir við sjóinn tóku frekar eftir erlendum verslunarmönnum í hreinlæti, fögrum og gagnlegum siðum og hófsemi heldur en uppivöðslusemi, kaffi- og brennivínsdrykkju, blótsyrðum og annarri fífdirfsku.

Málfar:

- ▶ Hvergi á landinu jafn bjagað og blandað mál - málið hafa blandast orðum að latneskum, þýskum og frönskum uppruna.

Suðurnesjafólk - Ferðabók Eggerts og Bjarna 1752 – 1757

Matræði:

- ▶ Þrjár máltíðir á dag. Klukkan sjö að morgni, tvö að liðnu hádegi og klukkan níu.
- ▶ Í kvöld- og morgunmat á sumrin borðaði fólk aðallega skyr og nýmjólk. Á veturna mjelgraut sem var hrærður saman við skyr. Í miðdegisverð var boðið upp á harðfisk og smjör en það átti við um allt árið um kring. Við sjávarsíðuna borðaði fólk nýjan fisk í mun meira magni en annarstaðar.
- ▶ Tilbreytingin í mataræðinu var mest á tyllidögum en í því samhengi má benda á bygggraut eða kjötsúpu. Á stórhátíðum, svo sem páskum og jólum, var venjan að borða hangikjöt.

Klæðnaður:

- ▶ Búningur karla og kvenna var laus við alla þá tilgjörð sem tíðkaðist víðast annarstaðar á landinu.

Vinna og verkleg kunnátta:

- ▶ Fiskveiðar voru aðalstörf manna og þangað sóttu menn úr öðrum sýslum til fiskveiða.

Skemmtanir:

- ▶ Menn ferðuðust hvergi minna og þeir sögðu að varla nokkur maður hefði ferðast úr fyrir sýslumörkin.
- ▶ Helsta ferðalag sýslubúa var til kirkju sem þeir félagar töldu að væri í kringum eina mílu að lengd.



INNGANGUR



Samband sveitarfélaga
á Suðurnesjum


Þann 12. nóvember 2019 var undirritaður samningur milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins annars vegar og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum hins vegar um sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024. Markmið samningsins er að stuðla að jákvæðri byggðaþróun í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Samningurinn tekur mið af þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun, menningarstefnu og annarri stefnu ríkisins eftir því sem við á. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna. Sóknaráætlun miðar að því að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála byggi á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans. Í þessu felst að forgangsröðun verkefna taki mið af sóknaráætlun landshlutans sem gerð er til fimm ára. Hægt er að uppfæra áætlunina innan tímabilsins.

Sóknaráætlun er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum.

Í maí 2019 hófst samtalið um vinnu við mótun sóknaráætlunar 2020-2024 fyrir Suðurnes á vegum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS). SSS réð Capacent sem ráðgjafa við vinnuna og hélt fyrirtækið utan um vinnuferlið, og samráðsfundi sem haldnir voru vegna verkefnisins. Það ferli sem sett var upp miðaði að því markmiði að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun og auka samkeppnishæfni Suðurnesja. Í þeim tilgangi voru mótaðar áherslur að endurskoðaðri framtíðarsýn, meginmarkmiðum og mælanlegum markmiðum til næstu ára.

Unnið var að mótun stefnunnar með því að eiga samráð við kjörna fulltrúa og aðra hagsmunaaðila á Suðurnesjum til þess að fá fram sjónarmið þeirra um Sóknaráætlunina og tengja áætlunina með markvissum hætti við ákvörðun áhersluverkefna og úthlutun verkefna úr uppbyggingarsjóði. Afurð þessarar vinnu er Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024.

Samráðið við mótun Sóknaráætlunar Suðurnesja átti sér stað í þremur fösum. Í fyrsta stað var í september haldinn vinnufundur á aðalfundi SSS með öllum kjörnum fulltrúum á Suðurnesjum og þar dregin fram og unnið með stöðu landshlutans og framtíðarsýn. Í október var efnt til opins stórfundar þar sem unnið var með forgangsröðun áherslna og markmiða innan þriggja málaflokka. Að lokum var opnað á samráð við alla íbúa um drög nýrrar sóknaráætlunar í gegnum samráðsgátt stjórnvalda á vefnum.





SUÐURNES

- Svæði sóknaráætlunar Suðurnesja nær yfir sveitarfélögin Grindavíkurbær, Sveitarfélagið Vogar, Reykjanesbær og Suðurnesjabær. Reykjanesbær er fjölmennastur með tæplega 19.000 íbúa en sveitarfélagið Vogar fámennast með tæplega 1.300 íbúa.
- Sögulega byggðu Suðurnesin á sjósókn og fiskvinnslu. Sjávarútvegur er enn mikilvægur á svæðinu, sérstaklega í Grindavík. Undanfarin ár og áratugi hafa umsvif á Keflavíkurflugvelli og tengdum greinum orðið mikilvægasti þátturinn í atvinnulífi Suðurnesjamanna.

Heimild: Byggðastofnun



27.113 íbúar



4 sveitarfélög




32.7 íbúar per km²


SUÐURNES

- Íbúum á Suðurnesjum fjölgaði um 11.400 manns á tímabilinu frá 1. janúar 1998 til 1. janúar 2019 eða um 72,5%. Veruleg íbúafjölgun varð í öllum sveitarfélögum á svæðinu. Í Reykjanesbæ fjölgaði um 8.500 manns, í Grindavík um 1.300 manns, Suðurnesjabæ um 1.000 manns og tæplega 600 í Sveitarfélaginu Vogum.
- Erlendum ríkisborgurum á Suðurnesjum hefur stórfjölgað á tímabilinu 1998-2019. Fóru úr því að vera ríflega 300 í það vera rúmlega 4.900. Í Reykjanesbæ var ríflega fimmti hver íbúi í sveitarfélaginu með erlent ríkisfang. Í hinum sveitarfélögum þremur er hlutfallið 13-16%. Árið 1998 var hlutfallið á Suðurnesjum á bilinu 1,5-3,2%.

Suðurnes, hlutfall af íbúum landsins



Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum 1998-2018



FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýn er lýsing í hnitmiðuðu máli á því hvernig heimamenn sjá landshlutann fyrir sér á árinu 2024. Framtíðarsýnin upp dregur mynd af **eftirsóknarverðri stöðu** sem ætlunin er að ná og hverju heimamenn óska að hafa **áorkað** eftir tiltekinn tíma. Sóknaráætlun er einn liður í því að ná þeirri framtíðarsýn sem að er stefnt.

Á Suðurnesjum sameinast kraftur náttúru, **mannauðs og atvinnulífs**. Suðurnes er lífæð landsins og sjálfbær landshluti þar sem búseta er **eftirsótt** sökum **traustra innviða**, góðrar **þjónustu og lifandi** menningarstarfs í **fjölpjóðlegu samfélagi**.

SÓKNARÁÆTLUN SUÐURNESJA

2020-2024



SVÓT GREINING

Styrkleikar

- Reykjanes UNESCO Global geopark
- Nálægt við höfuðborgarsvæðið
- Ungt samfélag
- Fjölbjóðlegt – fjölbreytt samfélag
- Góðar samgöngur
- Stutt á erlenda markaði
- Svæðisáætlun fyrir allt svæðið í gildi
- Jarðhiti og reynsla í virkjun
- Eitt atvinnusvæði
- Símenntunarstöð starfandi

Veikleikar

- Ímynd svæðisins
- Hæsta atvinnuleysi á landinu
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Fjölmeningarsamfélag
- Einhæft atvinnulíf
- Lágt menntunarstig
- Miklar sveiflur í atvinnulífi
- Lítið rannsóknar og þróunarstarf á háskólastigi

Ógnanir

- Samstarf sveitarfélaga
- Eldgos og jarðskjálftar
- Flutningur innanlandsflugs
- Mikil fjölgun íbúa
- Aðlögun innflytjenda og erlendra starfsmanna
- Mengandi stóriðja

Tækifæri

- Reykjanes UNESCO Global Geopark
- Mikil fjölgun íbúa
- Fjölmeningarsamfélag
- Landrými
- Betri/aukin nýting orku
- Viðurkenning á mikilvægi skapandi greina
- Fiskeldi á landi
- Gagnaver
- Meiri áhersla á iðn- og verkmenntagreinar

HEIMSMARKMIÐ

- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru gerð með það markmið að leiða til betra lífs, lífsskilyrða og umhverfis árið 2030. Ísland er eitt þeirra aðildarríkja sem hefur samþykkt að vinna að heimsmarkmiðunum og hefur ríkisstjórnin forgangsraðað þeim sérstaklega.
- Við gerð sóknaráætlunar Suðurnesja 2020-2024 var tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og einstök markmið og áherslur tengdar við tilheyrandi heimsmarkmið og forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar.



MÁLAFLOKKAR

Ytri áhrifaþættir →

UMHVERFISMÁL

SVEITARFÉLÖG

RÍKIÐ



FJÓRÐA IÐNBYLTINGIN



ATVINNA & NÝSKÖPUN

STAÐA OG VILJI ÍBÚA Á SUÐURNESJUM

Gera meira

- Efla nýsköpun í nýtingu jarðvarma
- Auka samvinnu í atvinnuþróun á milli hagsmunaaðila
- Efla stafræna þjónustu
- Efla jákvæða ímynd Suðurnesja
- Auka framleiðni, t.d. með styttingu vinnuviku
- Tengja betur umhverfis- og skipulagsmál við atvinnumál.
- Sameiningar sveitarfélaga
- Sjálfbærni – minni mengun (gróðurhús/framleiðsla – ekki álver)
- Fleiri gagnaver
- Tryggja raforkuöryggi
- Hraðlest til RVK
- Kennsluflugvöllur Suðurnesja

Draga úr

- Atvinnuleysi: fækka þeim sem upplifa langtíma atvinnuleysi um 30% á ári
- Uppbygging fyrirtækja á Suðurnesjum falla ekki að umhverfinu

Byrja að

- Skiptast á hæfu starfsfólki - Nýta betur mannauð
- Veita nýsköpunarfyrirtækjum styrk fyrir starfsnema
- Auka menntunarmöguleika
- Samtal við samfélagið um atvinnu og lífsgæði
- Fullvinna sjávarafurðir
- Nýta vindorku og sjávarföllin

Hætta

- Samkeppni milli sveitarfélaga
- Mengandi iðnaði -skynidlausnum – t.d. verksmiðju í Helguvík
- Ekki fleiri/ný atvinnutækifæri sem eru loftmengandi
- Orka og auðlindir í einkaeigu/einkarétti
- Flytja út óunninn fisk
- Pappírnotkun hjá fyrirtækjum – póstin bara rafrænt



ATVINNA & NÝSKÖPUN

MARKMIÐ

1. Að fjölga nýskráðum fyrirtækjum um 5%.
2. Að auka hlutdeild skapandi greina og hátækni í veltu atvinnulífs um 20%
3. Fjölga nemendum með iðn- og tæknimenntun um 10%
4. Auka opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar um 20%
5. Hækka menntunarstig um 5%
6. Bæta ímynd Suðurnesja um 3%





HELSTU ÁHERSLUR



**ATVINNA &
NÝSKÖPUN**

Uppbygging
atvinnulífsins

Við viljum:

- Auka fullvinnslu á sjávarafurðum
- Draga úr atvinnuleysi
 - Með því að bjóða nám í iðn- og starfsgreinum
 - Auka íslenskukennslu
- Efla rannsóknar- og þróunarstarf á háskólastigi
- Hækka menntunarstig

HELSTU ÁHERSLUR

Við viljum:

- Efla rannsóknir í ferðapjónustu á svæðinu
 - Kanna hagræn áhrif ferðapjónustu á svæðinu
- Markaðssetja áfangastaðinn sem Reykjanes UNESCO Global Geopark
- Markaðssetja áfangastaðinn fyrir minni skemmtiferðaskip og skiptifarþega um Keflavíkurflugvöll.
- Auka/efla menntun og færni í ferðapjónustu
 - auka framboð í námskeiðum og kynningum fyrir fyrirtæki og starfsmenn
- Auka verðmætasköpun innan greinarinnar
 - Samstarfsverkefni sem stuðla að vörupróun innan greinarinnar og tengja saman sögu, náttúru og matarmenningu
- Lengja dvöl gesta á svæðinu
 - Efla framboð á afþreyingu á svæðinu og stefna að því að meðaleyðsla hvers gests sé um eða yfir landsmeðaltali



ATVINNA &
NÝSKÖPUN

Ferðapjónusta



HELSTU ÁHERSLUR



ATVINNA & NÝSKÖPUN

Sjálfbærni og
samvinna
sveitarfélaga

Við viljum:

Sjálfbærni

- Stuðla að því að sveitarfélögin á Suðurnesjunum verði fjárhagslega sjálfbær
- Auka sjálfbæra nýtingu orku: höfða til fyrirtækja sem vilja nýta sér endurnýjanlegar orkuauðlindir og/eða þurfa á góðum flugsamgöngum að halda
 - Fiskeldi á landi
 - Gagnaver
 - Vindorka og sjávarföll

Samvinna sveitarfélaga

- móta heildræna nýsköpunar- og atvinnustefnu fyrir allt svæðið fyrir árið 2023
- Setja upp stafræna smiðju fyrir ungt fólk á Suðurnesjum til að efla tæknilæsi og undirbúa þau fyrir 4. iðnbyltinguna

HELSTU ÁHERSLUR



ATVINNA & NÝSKÖPUN

Nýsköpun, ímynd
og markaðsmál

Við viljum:

Nýsköpun

- Setja upp átöppunarverksmiðju eða efnarannsóknaaðstöðu eða aðra stoðþjónustu við nýsköpun á svæðinu
- koma á klasasamstarfi um nýsköpun og þróun hjá starfandi fyrirtækjum í helstu greinum
- stuðla að því að allir nemendur 10. bekkjar hafi lokið nýsköpunaráfanga vorið 2022
- koma á starfsnemastyrkjum fyrir unga starfsnema í samvinnu við hið opinbera

Ímynd og markaðsmál

- Efla jákvæða ímynd svæðisins í samstarfi við hagsmunaaðila
- Setja upp öflugan og sameiginlegan myndabanka fyrir hagaðila



MÆLANLEG MARKMIÐ

Markmið	Mælikvarði	Tímasett	Staðan 2019	Uppruni mælinga	Tíðni
1 Fjölga nýskráðum fyrirtækjum	5%	2024	900	RSK	Ár
2 Auka hlutdeild skapandi greina og hátækni í veltu atvinnulífs	20%	2024	2,05%	Fyrirtækjakönnun	Ár
3 Fjölga útskrifuðum nemendum með iðn- og tæknimenntun	10%	2024	55	Hagstofa og FS	Ár
4 Auka opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar	20%	2024	ET	Gögn frá sjóðum	Ár
5 Hækka menntunarstig	5%	2024	2,4%	Íbúakönnun	Tím
6 Bæta ímynd Suðurnesja	3%	2024	65%	Könnun	Ár



TENGLI VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR

- **4.4** Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- **4.7** Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- **8.2** Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuafslfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.
- **8.9** Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.
- **9.1** Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.
- **9.5** Vísindarannsóknir verði eflar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.
- **11.2** Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.
- **11.6** Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.
- **11.A** Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaðþróun á landsvísu og innan svæða.
- **15.9** Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.



MENNING

STAÐA OG VILJI ÍBÚA Á SUÐURNESJUM

Gera meira af

- Sameiginlegt viðburðardagatal
- Endurheimta stöðu „vöggju tónlistar“ á Íslandi með því að skapa aðstöðu og umhverfi fyrir tónlistafólk til stöpunar
- Geopark - Færri en stærri áfangastaði
- Auka kennslu í skapandi greinum í leik- og grunnskólum
- Þeim verkefnum sem við vinnum nú þegar saman í – sbr. Safnahelgi, list án landamæra, flugsafn og fjölmenningshátíð.

Byrja

- Sameiginlega vinnu á menningarsviði með fólki sem er af erlendum uppruna
- Að sameinast um stefnu í menningarmálum

Draga úr

- Að prenta út efni og bæklinga
 - Leggja áherslu á öpp og myndræna framsetningu
- Færri en stærri styrki til menningarmála -> sem skipta máli

Hætta að



MENNING

MARKMIÐ

1. Að fjölga gestum safnahelgar á Suðurnesjum um 20%
2. Að fjölga viðburðum í viðburðadagatali Suðurnesja um 100%
3. Að fjölga umsóknum í uppbyggingarsjóð um 20%
4. Að auka þátttöku erlendra barna í tómstundum um 30%
5. Að auka jákvætt viðhorf til menningar um 20%





HELSTU ÁHERSLUR



MENNING

Listsköpun,
menningartengd
kennsla og
fjölmenning

Við viljum:

Aðstaða fyrir listsköpun

- Styðja við Tónlistarskólann/Hljómahöll og skapandi greinar

Menningartengd kennsla

- Auka kennslu í skapandi greinum og nýsköpun í skólakerfinu

Fjölmenning

- Styðja við verkefni sem snúa að fjölmenningu á Suðurnesjunum
- Koma á fót alþjóðlegri kvikmyndahátíð á Suðurnesjunum
- Auka þátttöku erlendra barna í tónlistarnámi og íþróttum



HELSTU ÁHERSLUR



MENNING

Viðburðir,
samvinna og
markaðsmál

Við viljum:

Samvinna og samstarf

- Unnin verði sameiginleg menningarstefna sem innihaldi safnastefnu, áætlun um sameiginlega nýtingu á safnageymslum og aukið samstarf

Markaðsmál

- Viðhalda viðburðadagatali fyrir svæðið
- Auka stafræna þjónustu

Viðburðir og afþreying

- Koma á fót árlegri, alþjóðlegri tónlistarhátíð Suðurnesja



MÆLANLEG MARKMIÐ

Markmið	Mælikvarði	Tímasett	Staðan 2019	Uppruni mælinga	Tíðni
1 Fjölga gestum Safnahelgar á Suðurnesjum	20%	2024	8858	Mæling sveitarfélaga	Árlega
2 Fjölga viðburðum í viðburðadagatali	100%	2024	80	MR	Árlega
Fjölga umsóknum í uppbyggingarsjóð	20%	2024	65	Uppbyggingarsjóður	Árlega
4 Auka þátttöku erlendra barna í tómstundum	30%	2024	ET	Könnun	Á tímabili
5 Auka jákvætt viðhorf til menningar	20%	2024	3,3	Íbúakönnun	Á tímabili

TENGLI VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR



- **4.4** Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- **4.7** Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- **8.5** Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.
- **10.2** Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.
- **10.3** Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.
- **17.17** Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrími.



UMHVERFISMÁL

STAÐA OG VILJI ÍBÚA Á SUÐURNESJUM

Gera meira af

- Nýta tækni til að draga úr ferðakostnaði (tími og mengun).
- Auka vitund íbúa um umhverfismál
- Planta fleiri trjám
- Styrkja græna matvælaframleiðslu
- Koma frárennismálum í betra horf
- Samræma flokkunarkerfi
- Vistvænar samgöngur:
 - Innviðaupbygging vegna rafbíla - hleðslustöðvar
 - Hjóla í vinnuna
 - Lest sem almenningssamgöngur, ekki bara fyrir flugvöllinn
 - Fleiri göngu- og hjólastíga → tengja sveitarfélögin
 - Gera almenningssamgöngur að samkeppnishæfari kosti

Byrja að

- Reikna út kolefnisspor (upplýst val/ákvörðun)
- Auka heilsueflingu – hreyfing: hjóla ganga
- Rafbílavæða Suðurnes
- Hvatakerfi til að sameinast í bíla
- Flokka betur og í auknu mæli
- Að ýta undir umhverfisvænar tæknilausnir
- Vinna auðlindastefnu
- Að breyta orkukerfum á heimavísu – vera fyrirmynd
- Virkja rokið
- Velja aðeins umhverfisvænar lausnir í opinberum rekstri
- Setja upp vatnshana

Draga úr

- Hefðum og reglum fortíðar
- Notkun einkabíla
- Notkun jarðefnaeldsneytis
- Útgerðir: fiskiskip gæti betur að losun í hafið
- Mengandi atvinnustarfsemi
- Losun gróðurhúsalofttegunda
- Soun almennt
- Plastnotkun

Hætta að

- Að hugsa út frá fortíð – skipulag
- Að menga umhverfið
- Að flytja inn olíu
- Sóa náttúruauðlindum
- Matarsoun
- Að nota bíla knúna bensín og dísil
- Að skipuleggja allt út frá einkabíl
- Notkun einnota umbúða
- Urða sorp



UMHVERFISMÁL

MARKMIÐ

1. Að fjölga almennum hleðuslustöðvum fyrir rafbíla um 100%
2. Að auka skógarþekju um 10%
3. Að fjölga grenndargámum um 100% (gler, pappír og plast)
4. Að hlutfall umhverfisvænna bíla* (utan bílaleigubíla) verði 20% fyrir árið 2024
5. Að fjölga farþegum almenningsgangna um 15%



*Rafmagns-, vetnis-, hybrid- og metanbílar



UMHVERFISMÁL

Umhverfisvitund og úrgangsmál

HELSTU ÁHERSLUR

Við viljum:

Úrgangsmál og meðhöndlun úrgangs

- innleiða sameiginlega stefnu í umhverfismálum með sjálfbærni að leiðarljósi fyrir árið 2021
- koma fyrir grenndargámum í öllum sveitarfélögum þannig hægt verði að flokka gler, pappír og plast
- efla samvinnu á milli landshlutanna á sviði úrgangsmála
- móta sameiginlegra stefnu um framkvæmdir og frágang í kringum iðnaðarsvæði/framkvæmdasvæði m.t.t. sjónmengunar, náttúru og lífríkis

Umhverfisvitund

- að árið 2021 búi 75% nemenda í 10. bekk yfir þekkingu á því hvernig eigi að flokka rusl
- leggja mat á útlosun gróðurhúsalofttegunda í sveitarfélögum fyrir árið 2022
- auka og samræma fræðslu um umhverfisvernd, loftslagsmál og sjálfbærni:
 - á öllum skólastigum þar sem foreldrum verður líka boðið upp á fræðslu á ólíkum tungumálum
 - til fyrirtækja og stofnana
 - með samstarfi SSS við fyrirtæki og stofnanir



UMHVERFISMÁL

Gróðurhúsalofttegundir,
uppgræðsla og skógrækt

HELSTU ÁHERSLUR

Við viljum:

Losun gróðurhúsalofttegunda

- að kolefnisfótspor verði marktæk mælieining í framkvæmdum á vegum sveitarfélaga þegar lagt er mat á ólíka kosti – fyrir árið 2023
- fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla um 10 á hverju ári
- auka upplýsingagjöf til allra íbúa um mikilvægi loftgæða
 - með myndböndum á samfélagsmiðlum
 - koma upp mælaborði sem sýnir loftgæði (aðgengilegt á ólíkum tungumálum)

Uppgræðsla og skógrækt

- auka skógrækt um 10% árlega til ársins 2024
- að eitt tré sé gróðursett á ári fyrir hvern íbúa
- skilgreina og kortleggja útivistarstíga, vegi og slóða og setja upp merkingar með upplýsingum



UMHVERFISMÁL

Auðlindir, framleiðsla
og vistvænar
samgöngur

HELSTU ÁHERSLUR

Við viljum:

Auðlindir og framleiðsla

- að Suðurnes verði í fararbroddi í fullnýtingu jarðhitaauðlinda
- vinna fræðsluefni um auðlindir Íslands og stuðla að því vel sé farið með þær
- auka fjölbreytni í nýtingu orku

Vistvænar samgöngur

- raflest til Reykjavíkur
- auka markvissa uppbyggingu á göngu- og hjólastígum milli byggingarkjarna
- að hlutfall rafknúinna bíla verði 20% fyrir árið 2024
- að gert sé ráð fyrir rafbilainviðum í nýjum hverfum
- að tíðni almenningssamgangna verði aukin
- að aukin hluti almenningssamgangna gangi fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum



MÆLANLEG MARKMIÐ

Markmið	Mælikvarði	Tímasett	Staðan 2019	Uppruni mælinga	Tíðni
1 Fjölga almennum hleðslubílum fyrir rafbíla	100%	2024	9	FÍB	Ár
2 Að auka skógarþekju	10%	2024	243h	Sveitarfélög	Tím
3 Fjölga grenndargámum um helming	100%	2024	4	Kalka og sveitarfélög	Tím
4 Auka hlutfall umhverfisvænna bíla	20%	2024	988	Samgöngustofa	Ár
5 Fjölga farþegum almenningsamgangna	15%	2024	9687	Strætó	Ár

TENGLI VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR



- **6.3** Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.
- **6.6** Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.
- **11.2** Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningsamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.
- **11.A** Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísi og innan svæða.
- **12.2** Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- **12.7** Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.
- **13.2** Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.
- **14.3** Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, t.d. með því að efla vísindasamstarf á því sviði.
- **15.1** Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjallendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.
- **15.2** Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hagnandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.
- **17.17** Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi.



VELFERÐ &
SAMFÉLAG

MARKMIÐ

1. Að auka hamingju íbúa um 10%
2. Að vellíðan á meðal eldri borgara aukist um 10%
3. Draga úr hlutfalli ungra mæðra um 10%
4. Draga úr neyslu gosdrykkja um 10%



HELSTU ÁHERSLUR



VELFERÐ & SAMFÉLAG

Vellíðan og heilsa

Við viljum:

Vellíðan íbúa

- auka heilsueflingu og forvarnir og fara í markvissar aðgerðir og mæla árangur með lýðheilsuvísum Embættis Landlæknis
- koma á reglulegri samvinnu og samhæfingu sveitarfélaganna um heilsueflingu og forvarnir
- skoða hátt hlutfall ungra mæðra

Heilsueflandi umhverfi

- tengja hjólastíg á milli allra sveitarfélaga svo einn hringum myndist á næstu fjórum árum
- setja upp drykkjarbrunna á hjólastígum
- hvetja íbúa til aukinnar hreyfingar
- bæta þjónustu til nýbakaðra foreldra

HELSTU ÁHERSLUR



VELFERÐ & SAMFÉLAG

Menntun og virkni

Við viljum:

Menntun

- fjölbreyttara nám í framhaldsskólum með fleiri námsbrautum
- auka vægi skapandi greinar í skólum
- auka áherslu á iðn- og starfsnám
- efla samfélagsfræðikennslu og lífsleikni
- auka farmboð á tungumálakennslu

Virkjum íbúana

- virkja betur upplýsingaþjónustu til nýbúa
- auka íbúasamráð með viðurkenndum aðferðum og ýta undir aukna samfélagsábyrgð



VELFERÐ &
SAMFÉLAG

MÆLANLEG MARKMIÐ

Markmið	Mælikvarði	Tímasett	Staðan 2019	Uppruni mælinga	Tíðni
1 Auka hamingju íbúa	10%	2024	7,92	Íbúakönnun	Árlega
2 Auka vellíðan á meðal eldri borgara	10%	2024	8,09	Íbúakönnun	Árlega
3 Draga úr hlutfalli ungra mæðra	10%	2024	17% (1000)	Lýðheilsuvísir	Á tímabili
4 Draga úr neyslu gosdrykkja	10%	2024	30,3%	Lýðheilsuvísir	Árlega

TENGLI VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR



- **3.4** Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.
- **3.5** Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis
- **11.2** Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.
- **11.6** Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.
- **12.2** Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- **12.7** Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.
- **13.2** Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.
- **15.2** Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.
- **17.17** Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi.

	MARKMIÐ	MÆLIKVARÐI	TÍMASETT	STAÐA 2019	UPPRUNI MÆLINGA	TÍÐNI MÆLINGA
1	Fjölga nýskráðum fyrirtækjum	5%	2024	900	RSK	Árlega
2	Auka hlutdeild skapandi greina og hátækni í veltu atvinnulífs	20%	2024	2,05%	Fyrirtækjakönnun	Árlega
3	Fjölga útskrifuðum nemendum með iðn- og tæknimenntun	10%	2024	55	Hagstofa og FS	Árlega
4	Auka opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar	20%	2024	ET	Gögn frá sjóðum	Árlega
5	Hækka menntunarstig	5%	2024	2,4%	Íbúakönnun	Árlega
6	Bæta ímynd Suðurnesja	3%	2024	65%	Heklan, ímyndamæling	Árlega
7	Fjölga gestum Safnahelgar á Suðurnesjum	20%	2024	8858	Mæling sveitarfélaga	Árlega
8	Fjölga viðburðum í viðburðadagatali	100%	2024	80	MR	Árlega
9	Fjölga umsóknum í uppbyggingarsjóð	20%	2024	65	Uppbyggingarsjóður	Árlega
10	Auka þátttöku erlendra barna í tómstundum	30%	2024	ET	Könnun	Á tímabili
11	Auka jákvætt viðhorf til menningar	20%	2024	3,3%	Íbúakönnun	Á tímabili
12	Fjölga almennum hleðslubílum fyrir rafbíla	100%	2024	9	FÍB	Árlega
13	Að auka skógarþekju	10%	2024	243h	Sveitarfélög	Tímabil
14	Fjölga grenndargámum um helming	100%	2024	4	Kalka og sveitarfélög	Tímabil
15	Auka hlutfall umhverfisvænna bíla	20%	2024	988	Samgöngustofa	Tímabil
16	Fjölga farþegum almenningssamgangna	15%	2024	9687	Strætó	Árlega
17	Auka hamingju íbúa	10%	2024	7,92	Íbúakönnun	Árlega
18	Auka vellíðan á meðal eldri borgara	10%	2024	8,09	Maskína	Á tímabili
19	Draga úr hlutfalli ungra mæðra	10%	2024	17% (1000)	Lýðheilsuvísir	Árlega
20	Draga úr neyslu gosdrykkja	10%	2024	30,3%	Lýðheilsuvísir	Árlega



SÓKNARÁÆTLUN SUÐURNESJA

2020-2024